

Lög

um breytingar á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Um nýtingu afla um borð í fullvinnsluskipum gilda ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um útreikning á nýtingu aflaheimilda skal farið að reglugerð um nýtingarstuðla fyrir fullvinnsluskip sem ráðherra setur.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Um borð í fullvinnsluskipi skal vera aðstaða til móttöku, geymslu, vinnslu og frágangs aflans þannig að gæði framleiðslunnar verði tryggð.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að um borð í fullvinnsluskipum skuli vera sjálfvirkur tækjabúnaður sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla og afurða. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði varðandi framkvæmd laganna.

3. gr.

Í stað „Ríkismats sjávarafurða“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: Fiskistofu.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi, sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfiskafla um borð, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn fullvinnsluskips, útgerðarháttum þess eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu. Í annan tíma er veiðieftirliti Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmann eða eftirlitsmenn um borð í fullvinnsluskip eftir því sem ástæða er talin til.

Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð.

5. gr.

Aftan við 6. gr. laganna kemur ný grein er verður 7. gr. og orðast svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál sem rísa út af brotum gegn ákvæðum þessara laga skal farið að hætti opinberra mála.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip leyfi til fullvinnslu botnfiskafla.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 22. maí 1996.